

# JAFNRÉTTISÁÆTLUN URRIDAHOLTSSKÓLA

## Markmið

Jafnréttisáætlun Urriðaholtsskóla er sett samkvæmt 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 (jafnréttislög) og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.”

Áætlunin byggir á mannauðsstefnu Garðabæjar og er markmið hennar að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Jafnréttisáætlun tekur annars vegar til starfsmannahalds Urriðaholtsskóla og hins vegar starfsemi skólans í víðustum skilningi. Jafnréttissjónarmið eru í stöðugri endurskoðun eins og lög gera ráð fyrir og aldrei er gefinn afsláttur á mannréttindum barna eða starfsfólks. Stjórnendur Urriðaholtsskóla bera ábyrgð á að farið sé eftir námskrám og að unnið sé markvisst út frá aðgerðaráætlun í jafnréttismálum.

Leitast skal við að flétta jafnréttismál inn í alla starfsemi skólasamfélagsins þannig að þau verði eðlilegur þáttur þess.

## Jafnrétti og virðing – Starfsfólk

### I. Launajafnrétti – sömu laun fyrir jafnverðmæt störf

Laun starfsfólks Urriðaholtsskóla eru greidd samkvæmt kjarasamningum og gæta skal jafnræðis við ákvarðanir um laun og kjör hvers og eins. Í 19 gr. jafnréttislaga segir að konur og karlar skuli hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt laun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fólk fær jöfn laun og nýtur sömu kjara fyrir störf sín.	Óskað er eftir tölfraðilegri úttekt frá kjaradeild Garðabæjar þar sem laun eru greind eftir kyni og starfsheitum. Þannig er fylgst með launamun út frá kynjasjónarmiði. Ef fram kemur óútskýrður mismunur er hann leiðréttur.	Skólastjóri og mannauðstjóri Garðabæjar	Á alltaf við þegar um ráðningar er að ræða.  Athugun skal fara fram í nóvember ár hvert eða í samráði við kjaradeild.

## II. Verkefni, nefndir, ráð og stjórnir

Fyllsta jafnréttis skal gætt við úthlutun verkefna, tilnefningar í nefndir og ráð á vegum Urriðaholtsskóla. Skal í því sambandi minna á ákvæði 28 gr. jafnréttislaga þar sem segir, að þar sem því verði við komið sitji sem næst jafnmargar konur og karlar í nefndum, ráðum og stjórnnum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnræðis sé gætt í úthlutun verkefna og tilnefninga í nefndir og ráð.	Úttekt á stöðu mála.	Matsteymi Urriðaholtsskóla.	Nóvember ár hvert.

## III. Símenntun og starfsþróun

Taka skal m.a. mið af jafnréttissjónarmiðum þegar ráðið er í störf við Urriðaholtsskóla og unnið markvisst að því að jafna stöðu kynja. Atvinnuauglýsingar höfða þannig til allra kynja og tryggt er að starfsþróun og menntun starfsfólks er öllum aðgengileg óháð kyni. Ef tveir jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýsta stöðu, skal sá af því kyni sem er í minnihluta í slíku starfi, að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu. Einstaklingar sem vinna jafnverðmæt störf skulu standa sama starfsþjálfun og endurmenntun til boða.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standa öllum kynjum til boða og unnið að því að jafna hlut kynja.	Jafnréttissjónarmið í ráðningum og atvinnuauglýsingar sem höfða til allra kynja.	Skólastjóri	Á við allar ráðningar, alltaf.
Einstaklingum sem vinna jafn verðmæt störf skulu standa til jafns tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar.	Við gerð endurmenntunaráætlunar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.	Stjórnendur og þeir sem koma að gerð endurmenntunaráætlunar og starfsþróunar starfsfólks.	Á við um allar ráðningar og við gerð áætlana hjá Urriðaholtsskóla.

## IV. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Í Urriðaholtsskóla er lögð áhersla á að mæta starfsfólki þannig að það geti óháð kyni axlað ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili. Leitast er við að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar gangvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að bæði kyn geti tekið jafna ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili.	Starfsfólk hvatt til að samræma einkalíf og atvinnu.	Stjórnendateymi Urriðaholtsskóla.	Tekið fyrir í starfsmannasamtali ár hvert.
Sveigjanleiki í starfi til að samræma þarfir fjölskyldu sinnar, einkalífi og atvinnu og blómstra í leik og starfi.	Farið yfir í starfsmannasamtali.	Stjórnendateymi Urriðaholtsskóla.	Tekið fyrir í starfsmannasamtali ár hvert.

## VI. Gagnkvæm virðing

Lögð er áhersla á góða líðan starfsfólks í Urriðaholtsskóla. Til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, kynbundnu áreitni, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu áreitni er unnið út frá aðgerðaráætlunum, sbr. skólanámskrá og öðrum áætlunum bæjarins. Brugðist er við einelti, kynbundnu áreitni, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu áreitni enda slíkt ekki liðið og stefna skólans að útrýma slíku, ofbeldi er aldrei réttlætanlegt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að útrýma misrétti, áreitni og /eða ofbeldi ef mál af þeim toga koma í ljós, sama í hvaða mynd það birtist, sbr. 18 gr. jafnréttislaga.	Ofbeldi er ekki liðið í Urriðaholtsskóla og undantekningalaust er gripið til aðgerða og áætlana sem kynntar eru.	Skólastjóri	Aðgerðaráætlun kynnt og endurunin í upphafi hvers skólaárs, þ.e. í ágúst ár hvert.

## VII. Samþætting

Starfólk fær fræðslu um kynja og jafnréttismál og unnið er með markmið í jafnréttismálum. Samþætting, kynja- og jafnréttismál eiga að einkenna starfshætti, bæði með börnum og fullorðnum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Aukin vitund starfsfólks um samþættingu og jafnréttismál.	Námskeið og fræðsla um kynjamálefni.	Stjórnendateymi.	Að jafnað á hverju skólaári.
Byggja upp og innleiða jafnréttisáætlun Urriðaholtsskóla.	Móta stefnu og skipa aðgerðarhóp.	Stjórnendateymi.	Yfirfarið og endurunnið á hverju skólaári.

## VIII. Eftirfylgd og endurskoðun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að móta og starfa eftir jafnréttisáætlun Urriðaholtsskóla.	Skipa jafnréttisnefnd og fylgja eftir starfsháttum.	Skólastjóri	Alltaf, endurskipað í nefnd við upphaf hvers skólaárs.
Kynna jafnréttisáætlun fyrir foreldrum og aðstandendum Urriðaholtsskóla.	Kynna jafnréttisáætlun á foreldrafundi og gerð opinber á heimasíðu skólans.	Skólastjóri, deildarstjórar og umsjónarkennarar.	Að hausti og unnið allt árið um kring.
Að upplýsa starfsfólk og fræða, þannig að það standi vörð um réttindi sín og skyldur gagnvart sjálfum sér og öðrum.	Farið yfir áætlunina og hún endurskoðuð og bætt í upphafi hvers skólaárs.	Stjórnendateymi og jafnréttisnefnd skólans.	Allt árið um kring.

## Jafnrétti og virðing – nemendur

Með hugtakinu jafnrétti er hér átt við að allir skulu vera jafnir og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi Urriðaholtsskóla og reynt skal að miða starfshætti og viðfangsefni að áhugasviðum beggja kynja. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir. Viðfangsefni eiga að höfða jafnt til allra nemenda. Allt námsefni og kennslugögn þarf að skoða með tilliti til jafnréttis. Nemendur eiga rétt á markvissri jafnréttisfræðslu t.d. sem hluta af lífsleikni, sbr. 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og leitast við að vera með árlega fræðsla til að styðja við nemendur þannig að koma megi í veg fyrir og um leið að styðja við þá sem á þurfa að halda. Nemendaverndarráð vísar málum nemenda í réttan farveg í samráði við barnavernd Garðabæjar.

Skólanum ber að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna margbreytileikann. Starfsfólki Urriðaholtsskóla er ætlað að hlúa að vellíðan og velgengni allra barna. Efniviður og námsgögn eiga að efla og styðja við jafnréttisfræðslu og hugmyndir nemenda samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þá eru lagaðar fyrir kannanir sem styðja við skólalastarfið svo skólinn geti betur mætt nemendum sínum út frá þeirri kröfu sem fram kemur í áður nefndum lögum.

Gæta verður að því að hlutur kynja sé jafn þegar valið er í ráð og nefndir og við hvert það tækifæri þegar nemendur koma fram fyrir hönd skólans. Réttur barna í Urriðaholtsskóla er að vinna í fordómalaus umhverfi þar sem jafnrétti og virðing ríkir.

## Lokaorð

Leitast er við að hafa jafnrétti sem grunn að öllu starfi Urriðaholtsskóla. Jafnréttisáætlun skólans er lifandi plagg og skal yfirfarin til samræmis við lög og reglur þó eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Starfsfólk skólans tekur hlutverk sitt alvarlega sem ábyrgðaraðilar í uppeldi barna og gera sér grein fyrir ábyrgð á jákvæðum áhrifum sem við getum haft í samfélaginu. Munum að misrétti er mannanna verk og þá er jafnrétti það líka.

**Garðabær**

**Desember 2025**